

Vaðlaheiðargöng hf.

Ársreikningur 2023

Vaðlaheiðargöng hf.
Kennitala 700311-0310
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 15

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Ársreikningur Vaðlaheiðarganga hf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og gerð jarðganga í gegnum Vaðlaheiði, vegalagningu að þeim og rekstur þeirra að framkvæmd lokinni.

Starfsemin á árinu

Eiginlegur rekstur Vaðlaheiðarganga hófst í upphafi árs 2019, þegar opnað var formlega fyrir umferð um göngin og gjaldtaka hófst.

Alls fóru 583,1 þúsund ökutæki, sem greiddu veggjald, um göngin á árinu eða 1.598 ökutæki að jafnaði á degi hverjum yfir árið. Heildarumferð um göngin var hins vegar um 590,3 þúsund ökutæki, og eru þá meðtalin gjaldfrjáls ökutæki, t.d. lögreglubifreiðar, sjúkrafreiðar, bifreiðar björgunarsveita og ökutæki Vegagerðarinnar. Heildar umferð um göngin á árinu jafngildir því að sparast hafi um 9,4 milljón km í akstri miðað við 16 km styttingu hringvegarins.

Umferð um göngin frá opnun þeirra í ársbyrjun 2019 (5 ár) eru nú samtals um 2,6 milljónir ferða sem jafngilda um 41,4 milljón kílómetra í sparaðan akstur. Engin umferðaslys hafa orðið í göngunum frá opnun og jafnframt hefur umferðaslysum á Víkurskarðsleiðinni fækkað um 80% eftir opnun ganganna sem er svipað hlutfall og umferð hefur dregist saman um skarðið.

Tekjur félagsins af sölu veggjalds námu 756,1 milljónum króna og rekstrargjöld fyrir utan afskriftir námu 136,9 milljón króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam því 619,2 milljónum króna samanborið við 507,5 milljónir króna á árinu 2022. Reiknaðar afskriftir námu 248,4 milljónum króna og þá voru fjármagnsliðir neikvæðir um 1.464 milljónir króna. Tap ársins nam því 1.093,2 milljónum króna.

Á árinu störfuðu hjá félaginu 2 starfsmenn í 2 stöðugildum, samanborið við 2 starfsmenn í 2 stöðugildum á fyrra ári. Í stjórn félagsins eiga sæti 3 manns, 1 kona og 2 karlmenn.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2023 námu eignir félagsins 16.765,4 milljónum króna, skuldir félagsins námu 15.884,7 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok um 880,7 milljónir króna.

Seinni hluta júnímánaðar 2022 var skrifað undir viðauka við lánsamninga félagsins þar sem kveðið var á um framlengingu á lokagjaldsdaga (til 15. febrúar 2057), endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta, breytt vaxtakjör auk þess sem höfuðstóll lánanna var verðtryggður og bundinn vísitölu neysluverðs. Samhliða framangreindum breytingum, skv. viðauka við lánin, færði lánveitandi 5.000 milljónir króna, af eftirstöðvum lánsins með með áföllnum vöxtum í nýtt viðbótarhlutfé í lántaka. Þá var kveðið á um fjársópsfyrirkomulag í lánsamningi þannig að félagið greiðir allt laust fé umfram 50 milljónir króna að lágmarki tvisvar sinnum á ári inn á lánið og hefur félagið greitt alls um 2.010 milljónir króna til lánveitanda á tveimur árum (Á árinu 2023 voru alls greiddar alls 630 milljónir króna til lánveitanda, þar af 346 milljónir króna inn á verðbættan höfuðstól lánanna og á árinu 2022 voru greiddar 1.380 milljónir króna til lánveitanda, þar af 919 milljónir króna inn á verðbættan höfuðstól lánsins). Samkvæmt viðaukanum við lánsamningana er síðan kveðið á um lágmarks endurgreiðslu á fyrstu 5 árum frá undirritun viðauka við lánsamninga og hefur félagið nú þegar staðið skil á allri þeirri fjárhæð. Fjársópsfyrirkomulag í lánsamningi á eftir sem áður við fyrir félagið og mun félagið áfram greiða allt laust fé umfram 50 milljónir króna til lánveitanda, að lágmarki tvisvar sinnum á ári.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Reiknað er með að rekstur félagsins verði í grunninn með svipuðu sniði á árinu 2024.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna jöfnunar á tapi ársins og mun á aðalfundi ekki koma með tillögur að arðgreiðslum.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Eignaraðild

Hluthafar félagsins voru þeir sömu í ársbyrjun og í árslok. Hlutfé félagsins var í upphafi og lok árs 5.600 milljónir kr. Eftirfarandi er greining á eignarhaldi hlutafjár félagsins:

	31.12.2023		31.12.2022	
	Hlutfé	%	Hlutfé	%
Greið leið ehf.	396.000.000	7%	396.000.000	7%
Íslenska ríkið	5.204.000.000	93%	5.204.000.000	93%
	<u>5.600.000.000</u>	<u>100%</u>	<u>5.600.000.000</u>	<u>100%</u>

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Akureyri, 15. mars 2024

Hilmar Gunnlaugsson
stjórnarformaður

Ásthildur Sturludóttir
stjórnarmaður

Þorsteinn Rúnar Hermannsson
stjórnarmaður

Valgeir Bergmann Magnússon
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vaðlaheiðarganga hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vaðlaheiðarganga hf. fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra,
- Rekstrarreikningur ársins 2023.
- Efnahagsreikning 31. desember 2023.
- Sjóðstreymi ársins 2023.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnundur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnundur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvísna ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 15. mars 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Veggjald		756.095.244	640.661.586
		<u>756.095.244</u>	<u>640.661.586</u>
Rekstrargjöld			
Viðhald og rekstur ganga		24.930.084	23.318.256
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	47.489.742	45.463.222
Innheimtukostnaður og annar rekstrarkostnaður		64.512.221	64.353.030
		<u>136.932.047</u>	<u>133.134.508</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		619.163.197	507.527.078
Afskriftir	5	248.374.610	248.206.559
Rekstrarhagnaður		370.788.587	259.320.519
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		5.664.935	19.285.064
Vaxtagjöld		(237.050.667)	(240.657.106)
Áhættugjald		(47.223.335)	(48.105.760)
Verðbætur		(1.185.377.106)	(1.387.632.156)
Leiðréttingar fjármagnsgjalda vegna endurfjármögnunar.		0	53.009.121
	4	<u>(1.463.986.173)</u>	<u>(1.604.100.837)</u>
Tap ársins		<u>(1.093.197.586)</u>	<u>(1.344.780.318)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Fastfjármunir			
Efnislegar eignir:			
Vaðlaheiddargöng, stofnkostnaður	5	16.630.699.081	16.870.187.286
Bifreiðar og tæki	5	1.233.100	2.401.300
		<u>16.631.932.181</u>	<u>16.872.588.586</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	8	76.583.278	53.709.449
Aðrar skammtímakröfur	9	508.165	9.874.202
Handbært fé	10	56.397.280	56.187.795
		<u>133.488.723</u>	<u>119.771.446</u>
Eignir samtals		<u>16.765.420.904</u>	<u>16.992.360.032</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé		5.600.000.000	5.600.000.000
Ójafnað tap		(4.719.282.460)	(3.626.084.874)
	6	<u>880.717.540</u>	<u>1.973.915.126</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum við tengda aðila	7	15.728.814.652	14.836.995.466
		<u>15.728.814.652</u>	<u>14.836.995.466</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	11	8.090.353	12.609.931
Næsta árs afborganir langtímalána frá tengdum aðilum	7	0	53.102.070
Aðrar skammtímaskuldir	11	11.448.304	5.389.255
Fyrirfram innheimtar tekjur	12	136.350.055	110.348.184
		<u>155.888.712</u>	<u>181.449.440</u>
Skuldir samtals		15.884.703.364	15.018.444.906
Eigið fé og skuldir samtals		<u>16.765.420.904</u>	<u>16.992.360.032</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins		(1.093.197.586)	(1.344.780.318)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	248.374.610	248.206.559
Áfallnir reiknaðir vextir, verðbætur og áhættugjald		<u>1.185.377.106</u>	<u>1.162.265.196</u>
		340.554.130	65.691.437
Rekstrarhreyfingar			
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(13.507.792)	1.553.813
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>27.541.342</u>	<u>(126.501.187)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>354.587.680</u>	<u>(59.255.937)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng	5	<u>(7.718.205)</u>	<u>(9.817.548)</u>
		(7.718.205)	(9.817.548)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda við tengda aðila	7	<u>(346.659.990)</u>	<u>(918.894.666)</u>
		(346.659.990)	(918.894.666)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		209.485	(987.968.151)
Handbært fé í byrjun árs		<u>56.187.795</u>	<u>1.044.155.946</u>
Handbært fé í árslok		<u>56.397.280</u>	<u>56.187.795</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		5.664.935	19.285.064
Greiddir vextir, áhættugjald og lántökukostnaður		(283.618.540)	(461.120.708)
Greiddir skattar		(4.080)	(3.760)
Hreyfingar án greiðsluáhrifa			
Skammtímalán (gjaldfallin langtímalán í samningsferli)		0	5.000.000.000
Hlutfé		0	(5.000.000.000)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vaðlaheiðargöng hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Hafnarstræti 91, 600 Akureyri.

Vaðlaheiðargöng hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Vaðlaheiðargöng hf. var stofnað á árinu 2011 og hefur þann tilgang að standa að undirbúningi og gerð jarðganga í gegnum Vaðlaheiði ásamt veglagningu að þeim og rekstur þeirra að framkvæmd lokinni.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í Íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2.2 Breyting á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Kröfur og skuldir við tengda aðila er fært í skýringum númer 8 og 11 með viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum. Einnig bætt inn skýringu númer 14 um tengda aðila. Samanburðartölur fyrra árs eru leiðréttar í samræmi við nýja framsetningu.

2.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í Íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2024. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

2.4 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

2.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en Íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til en er eignfærður í heild sinni sem fjárfesting í Vaðlaheiðargöngum meðal varanlegra rekstrarfjármuna.

Skýringar

2.6 Efnislegar eignir

Efnislegar eignir sem fólgnar eru í varanlegum rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Allur kostnaður við undirbúningsframkvæmdir, byggingu vegganga og vegskála og eftirlit með framkvæmdum er eignfærður sem stofnkostnaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi. Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna jarðgöngin eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á

Vaðlaheiðargöng, stofnkostnaður	65 ár
Bifreiðar og tæki	5 ár

Endurbætur er afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

2.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

2.8 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.9 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

2.10 Tekjuskattur

Ekki kemur til útreiknings tekjuskatts í reikningsskilum félagsins, né greiðslu tekjuskatts þar sem allur rekstrarkostnaður, að frádregnum tekjum, og fjármagnskostnaður er eignfærður meðal fjárfestingar í Vaðlaheiðargöngum.

2.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtagjöld og lántökukostnaður vegna langtímalána er eignfærður á fjárfestingu á framkvæmdatíma við Vaðlaheiðargöng en gjaldfærður í reskstrarreikningi eftir það.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.12 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður sundurliðast þannig:	2023	2022
Laun og bifreiðastyrkir	38.519.817	36.641.660
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.005.453	4.737.029
Önnur launatengd gjöld	3.320.710	3.099.915
Annar starfsmannakostnaður	643.762	984.618
	<u>47.489.742</u>	<u>45.463.222</u>

Hjá félaginu störfuðu tveir starfsmenn á árinu í 2 stöðugildum, samanborið við 2 starfsmenn í 2 stöðugildum á fyrra ári.

Laun og bifreiðastyrkur til framkvæmdastjóra og stjórnar námu 26 milljónum króna á árinu.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- skuld	Aðrir liðir	Samtals 2023	Samtals 2022
Vaxtatekjur og verðbætur	2.317.754	0	3.347.181	5.664.935	19.285.064
Vaxtagjöld	0	(236.772.042)	(278.625)	(237.050.667)	(240.657.106)
Afturvirkar lr. vaxtagjalda ...		0		0	53.009.121
Verðbætur	0	(1.185.377.106)	0	(1.185.377.106)	(1.387.632.156)
Áhættugjald	0	(47.223.335)	0	(47.223.335)	(48.105.760)
	<u>2.317.754</u>	<u>(1.469.372.483)</u>	<u>3.068.556</u>	<u>(1.463.986.173)</u>	<u>(1.604.100.837)</u>

Fjármagnsgjöld af langtímaskuldum félagsins eru við tengdan aðila en lánveitandi félagsins er Endurlán ríkissjóðs.

5. Efnislegar eignir

	Vaðlaheiddargöng, stofnkostnaður	Bifreiðar og tæki	Samtals
Árslok 2022:			
Bókfært verð í ársbyrjun	17.107.408.097	3.569.500	17.110.977.597
Viðbót ársins	9.817.548	0	9.817.548
Afskriftir	(247.038.359)	(1.168.200)	(248.206.559)
Bókfært verð í árslok	<u>16.870.187.286</u>	<u>2.401.300</u>	<u>16.872.588.586</u>
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	17.846.077.901	6.490.000	17.852.567.901
Afskrifað samtals	(975.890.615)	(4.088.700)	(979.979.315)
Bókfært verð í árslok	<u>16.870.187.286</u>	<u>2.401.300</u>	<u>16.872.588.586</u>
Árslok 2023:			
Bókfært verð í ársbyrjun	16.870.187.286	2.401.300	16.872.588.586
Viðbót ársins	7.718.205	0	7.718.205
Afskriftir	(247.206.410)	(1.168.200)	(248.374.610)
Bókfært verð í árslok	<u>16.630.699.081</u>	<u>1.233.100</u>	<u>16.631.932.181</u>
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	17.853.796.106	6.490.000	17.860.286.106
Afskrifað samtals	(1.223.097.025)	(5.256.900)	(1.228.353.925)
Bókfært verð í árslok	<u>16.630.699.081</u>	<u>1.233.100</u>	<u>16.631.932.181</u>

Skýringar

5. Efnislegar eignir, frh.

Áætlaður nýtingartími eigna

Vaðlaheiðargöng, stofnkostnaður	65 ár
Bifreiðar og tæki	5 ár

Staða fjárfestingar í Vaðlaheiðargöngum í upphafi árs, viðbót á árinu og staða í lok árs greinist þannig:

	1.1.2023	Viðbót á árinu	31.12.2023
Ósafi sf.	13.816.348.436	0	13.816.348.436
Vegagerðin	566.950.435	0	566.950.435
Efla hf. og Geotek ehf.	776.904.219	0	776.904.219
Önnur fjárfesting og efniskostnaður	590.530.270	7.718.205	598.248.475
Laun, skrifstofu- og stjórn.k. umfram endursölu kostn.	174.065.988	0	174.065.988
Tryggingabætur	(375.000.000)	0	(375.000.000)
Fjármagnskostnaður	2.296.278.553	0	2.296.278.553
Afskrifað samtals	(975.890.615)	0	(1.223.097.025)
	<u>16.870.187.286</u>	<u>7.718.205</u>	<u>16.630.699.081</u>

Á framkvæmdatíma ganganna var rekstrarkostnaður og nettó fjármagnskostnaður, þ.e. vaxtagjöld, lántökukostnaður og áhættugjald að frádrögnum vaxtatekjum, eignfærður meðal efnislegra eigna sem stofnkostnaður Vaðlaheiðarganga, alls að fjárhæð 2.470,3 milljónir króna.

Þann 5. júlí 2017 var undirritað samkomulag við samstæðu þeirra váttryggingarfélaga sem tóku að sér váttryggingu ganganna á framkvæmdatímanum um tryggingarbætur til handa félaginu. Fjárhæð tryggingarbóta, skv. samkomulaginu, nam 375 milljónum króna og var fært til lækkunar á efnislegum eignum sem stofnkostnaður ganganna.

6. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins nam í árslok 2023 kr. 5.600.000.000.

Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2022:			
Staða í ársbyrjun	600.000.000	(2.281.304.556)	(1.681.304.556)
Hluti af langtímaskuldum breytt í hlutafé	5.000.000.000	0	5.000.000.000
Tap ársins	0	(1.344.780.318)	(1.344.780.318)
Staða í árslok	<u>5.600.000.000</u>	<u>(3.626.084.874)</u>	<u>1.973.915.126</u>
Hreyfingar 2023:			
Staða í ársbyrjun	5.600.000.000	(3.626.084.874)	1.973.915.126
Tap ársins	0	(1.093.197.586)	(1.093.197.586)
Staða í árslok	<u>5.600.000.000</u>	<u>(4.719.282.460)</u>	<u>880.717.540</u>

Seinni hluta júnímánaðar 2022 var skrifað undir viðauka við lánssamninga félagsins við Endurlán ríkissjóðs, sem voru á gjaldþaga þann 1. maí 2021, um framlengingu og skilmálabreytingu lánanna. Samkomulag við lánveitanda fól það í sér að lánveitandi breytti 5.000 milljónum króna af eftirstöðvum lánsins m.v. 1. maí 2021 í viðbótarhlutafé í félaginu.

Skýringar

7. Langtímaskuldir við tengda aðila

	31.12.2023	31.12.2022
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir	15.728.814.652	14.836.995.466
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0	53.102.070
Langtímaskuldir samtals	15.728.814.652	14.890.097.536

Afborganir af langtímaskuldum félagsins sem námu kr. 15.728.814.652 í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2024	0
Árið 2025	0
Árið 2026	0
Árið 2027	317.644.344
Árið 2028	317.644.344
Síðar	15.093.525.964
	<u>15.728.814.652</u>

Í viðauka við lánasamninga félagsins er kveðið á um fjársópsfyrirkomulag, þannig að félagið greiðir allt laust fé umfram 50 m.kr. að lágmarki tvisvar sinnum á ári inn á lánið og á árinu voru greiddar alls 630,3 til lánveitanda, þar af 346,7 m.kr. inná verðbættan höfuðstól lánnanna (Á árinu 2022 voru alls greiddar 1.380 m.kr. til lánveitanda, þar af 919 m.kr. inn á verðbættan höfuðstól lánsins). Samkvæmt framangreindum viðauka er kveðið á um lágmarks endurgreiðslu á fyrstu 5 árum frá undirritun viðaukans og hefur félagið nú þegar staðið skil á allri þeirri fjárhæð. Samningsbundin næsta árs afborgun er því krónur 0. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar, þá á fjársópsfyrirkomulag í lánssamningi eftir sem áður við um félagið og mun félagið áfram greiða allt laust fé umfram 50 m.kr. til lánveitanda, að lágmarki tvisvar sinnum á ári.

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Innlendar viðskiptakröfur	15.426.062	11.424.204
Kröfur á tengda aðila	42.050	24.800
Kröfur á greiðslukortafyrirtæki	61.115.166	42.260.445
	<u>76.583.278</u>	<u>53.709.449</u>

Ekki hefur verið færð niðurfærsla á móti viðskiptakröfum í lok árs 2023.

9. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Fjármagnstekjuskattur	508.165	9.874.202
	<u>508.165</u>	<u>9.874.202</u>

Skýringar

10. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af markaðsverðbréfum og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2023	31.12.2022
Bankainnstæður í íslenskum krónum	4.239.634	14.376.830
Markaðsverðbréf í íslenskum krónum	52.157.646	41.810.965
	<u>56.397.280</u>	<u>56.187.795</u>

11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig í lok árs:

	31.12.2023	31.12.2022
Innlendar viðskiptaskuldir	6.379.257	11.615.539
Viðskiptaskuldir við tengda aðila	1.711.096	994.392
	<u>8.090.353</u>	<u>12.609.931</u>

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs:

Virðisaukaskattur	9.457.722	4.100.422
Reiknaðir áfallnir vextir og áhættugjald	655.367	0
Ógreidd launatengd gjöld	1.335.215	1.288.833
	<u>11.448.304</u>	<u>5.389.255</u>

12. Fyrirfram innheimtar tekjur

Á liðnum fyrirfram innheimtar tekjur eru færðar tekjur sem hafa verið innheimtar um áramót vegna veggjalda fyrir umferð um Vaðlaheiðargöng.

Fyrirfram innheimtar tekjur í árslok 2023 greinast þannig:

	31.12.2023	31.12.2022
Fyrirfram innheimtar tekjur í árslok	136.350.055	110.348.184
	<u>136.350.055</u>	<u>110.348.184</u>

13. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023 vegna tapreksturs.

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins í árlök 2023 greinists þannig:

Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	886.108.832
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	1.090.255.032
Tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	1.174.363.924
Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	1.632.883.521
Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	1.381.986.158
	<u>6.165.597.467</u>

Tekjuskattseign er ekki færð í ársreikningi vegna óvissu um nýtingu. Tekjuskattseign félagsins nemur 943,8 milljónum króna.

Skýringar

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi viðskipti við tengda aðila á árinu er að finna hér að neðan, en þar er fyrst og fremst um að ræða viðskipti við ríkisstofnanir, og í ofangreindum skýringu nr. 7 um langtímaskuldir og skýringu nr. 4 um fjármagnsgjöld af langtímaskuldum svo og skýring nr. 6 vegna breytingar á hluta langtímaláns í hlutafé í félaginu.

	2023	2022
Vörusala og þjónusta	9.192.721	5.759.361
Keyptar vörur og þjónusta	8.120.158	6.934.381
Kröfur á tengda aðila í árslok	42.050	24.800
Skuldir við tengda aðila í árslok	1.711.096	994.392

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Hilmar Gunnlaugsson

Stjórnarmaður
Ásthildur Sturludóttir

Stjórnarmaður
Þorsteinn Rúnar Hermannsson

Framkvæmdastjóri
Valgeir Bergmann Magnússon

Löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason